

Mál nr. 114/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

Varðar gildissvið málskostnaðartryggingar, ágreiningur vegna vátryggingarfjárhæðar.

Gögn.

- 1) Málskot móttengið 27.03. 2009, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.04. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur sig eiga rétt til greiðslu hámarksbóta úr vátryggingunni árlega þar til lögmaður hans (lögmannsstofa) hefur lokið vinnu sinni vegna þess fasteignagallamáls sem hann tók að sér að vinna.

Vátryggingfélagið telur að umrætt tjón hljóti að teljast eitt tjónsatvik. Félaginu sé a.m.k. ekki kunnugt um að öðru sé haldið fram. Í viðkomandi ákvæði skilmála (grein 6.1) er fjallað um það hverjar hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks skuli vera. Félagið telur ákvæðið afdráttarlaust. Í ákvæðinu komi fram hverjar hámarksbætur séu á vátryggingarárinu. Bætur verði aldrei hærri en hámarksbætur. Félagið vekur og athygli á því að tjónsaburðurinn í þessu máli spannar ekki mörg ár þótt reikningar frá lögmanni geri það. Samkvæmt 2. gr. laga um vátryggingarsamninga er vátryggingaratburður skilgreindur sem það atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta geti komið. Af því leiðir að hver reikningur frá lögmanni er ekki sjálfstæður vátryggingaratburður eða tjónsatvik, a.m.k. ekki í skilningi skilmála enda leiða reikningar ekki til bótaskyldu heldur tiltekin málsatvik sem leiddu til einkaréttarlegs ágreinings. Félagið kveðst hafa greitt hámarksbætur vegna umrædds tjónsaburðar. M eigi ekki frekari kröfur á hendur félaginu vegna þessa máls.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M telur að ef upp kemur eitt tjónsatvik sem spannar lengra tímabil en eitt vátryggingarár eigi að greiða bætur að tilteknu hámarki á hverju vátryggingarári vegna þessa. Vátryggingarskilmála eigi að túlka hlutlægt og skýra á skilmála M í hag ef þeir eru taldir óskýrir sbr. 36. gr. b. laga um samningagerð, umboð og ógilda löggeminga nr. 7/1936.

M getur þess að samkvæmt fyrirliggjandi tímaskýrslu falla 36,33 tímar undir vátryggingartímabilið 01.04. 2006 – 31.03. 2007 og 7,25 tímar undir vátryggingartímabilið 01.04. 2007 – 31.03. 2008. Ágreiningur standi því um greiðsluskyldu félagsins á 7,25 tímum. Óumdeilt er vátryggingafélagið hefur greitt að fullu vátryggingarfjárhæð tímabilsins 01.04. 2006 – 31.03. 2007.

Álit.

Umrætt ákvæði skilmála er svohljóðandi: “Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingafjárhæð Málskostnaðartryggingar sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.”

Vátryggingafélagið telur að bætur vegna hvers tjónsatviks geti ekki farið fram úr þeirri vátryggingafjárhæð sem tilgeind er (þ.e. kr. 900.000).

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er fjallist á sjónarmið vátryggingafélagsins í máli þessu. Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks getur ekki farið umfram þá fjárhæð sem samið var um í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Vátryggingafélagið hefur að fullu greitt bætur í samræmi við þá vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Bætur hafa þegar verið greiddar sem nemur þeirri hámarksfjárhæð sem samið var um.

Reykjavík 20. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.